

Dómsmálaráðuneyti

Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2023

Tilvísun PÍ: 2022111860/7.5.0

Tilvísun sendanda:

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um ný lög um nafnskírteini

Þjóðskrá Íslands hefur farið yfir ný lög um nafnskírteini sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 10. janúar 2023 (mál nr. 4/2023). Þjóðskrá Íslands fagnar þessu frumvarpi sem stofnunin telur vel samið og var samráð haft við stofnunina við samningu þess enda er útgáfa nafnskírteina hjá stofnuninni.

Þjóðskrá Íslands telur afar brýnt að málið fái framgöngu þar sem brýn þörf er á að stórbæta öryggi íslenskra nafnskírteina, en núverandi skírteini standast ekki kröfur nútímans, eru ekki gild ferðaskilríki og eru ógn við öryggi auðkenningar einstaklinga á Íslandi.

Þá er jafnframt mikilvægt að málið fái framgöngu með tilliti til þess að, núverandi nafnskírteini standast ekki kröfur sem gerðar eru til slíkra skilríkja í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1157 um aukið öryggi persónuskilríkja, sem er í innleiðingarferli hjá sameiginlegu EES-nefndinni. Eru frumvarpið því þáttur í að tryggja útgáfu örugggra persónuskilríkja í samræmi við Evrópureglugerðina og í að útvega öllum, sem þess óska, lögleg skilríki í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eins og fram kemur í samráðsgátt.

Þjóðskrá Íslands hefur unnið að undirbúningi fyrir ný nafnskírteini um nokkurt skeið og hefur stofnunin samið um búnað og efni og innleiðingaráætlun verður virkjuð um leið og lögjin verða lögð fram á Alþingi. Leggur stofnunin áherslu á að samráð verði haft við stofnunina um gildistöku þegar málið fer fyrir Alþingi.

F.h. Þjóðskrár Íslands**Telma Halldórsdóttir**

Yfirlögfræðingur

**Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland**

Borgartún 21
105 Reykjavík

515 5300
skra@skra.is

skra.is